



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2005
Tilvísun: UST20050200124/sf


Framleiðsla á moltu í Þykkvabæ, Rangárþingi ytra. Matsskylda.


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. febrúar sl. þar sem óskað er áhlits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laganna.

Um er að ræða starfsemi sem er það ný hér á landi að ekki er ekki komin reynsla á starfseminu og áhrif hennar. Vegna þess og með hliðsjón af umfangi framkvæmdarinnar telur Umhverfisstofnun að leggja verði fram frekari upplýsingar um eftirtalin atriði til að hægt sé að meta hvort líklegt sé að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif:

1. Upplýsingar um verklag, sérstaklega hvað varðar hitameðhöndlun, þ.e. hvernig tryggt verði að allt efni í haugunum nái nægilegum hita. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að tryggja að strax í fyrsta skrefi náist upp nægilegur hiti til að koma ferlinu af stað og því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að veðurfarsaðstæður komi í veg fyrir að það takist. Ef ekki tekst að koma ferlinu rétt af stað má búast við töluverðri ólykt.
2. Þær tegundir dýra sem úrgangur verður nýttur af.
3. Til hvaða aðgerða verði gripið ef upp kemur ólykt (viðbragðsáætlanir).

Virðingarfyllst,


Sigrún Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs